

Greinargerð 2012 – um fjármagnstekjur ársins 2011

Stofnun/félag

Nafn		Kennitala	
Lögheimili 31. desember 2011	Póstnr. og póststöð	Sveitarfélag	

1	Vaxtatekjur af verðbréfum og kröfum	Vaxtatekjur	Eign í árslok
Samtals	Staðgreiðsla af vaxtatekjum 089 ▶	030 ▶	▶
2	Gengishagnaður og aðrar vaxtatekjur af kröfum/inneignum í erlendri mynt	Vaxtatekjur	Eign í árslok
Samtals	Staðgreiðsla af vaxtatekjum 091 ▶	031 ▶	▶
3	Hlutabréf, stofnfjárbref sparisjóða	Arður	Eign í árslok
Samtals	Staðgreiðsla af arði 092 ▶	032 ▶	▶
4	Hlutabréf í erlendum hlutafélögum	Arður	Eign í árslok
Nafn hlutafélags	Land		
Samtals		036 ▶	▶
5	Söluhagnaður af hlutabréfum Fært af eyðublaði RSK 3.19	Söluhagnaður	
Hagnaður af sölu hlutabréfa, sjá leiðbeiningar á bakhlið	033 ▶		
Fjármagnstekjur samtals	▶		
6	Frádráttur	Frádráttur	
Mótreikningur vegna tapaðra fjármagnstekna	034		

Fyllist út af ríkisskattstjóra
037

Fyrir hverja er framtalið?

Ýmis félög, sjóðir og stofnanir njóta samkvæmt 4. grein laga nr. 90/2003 um tekjuskatt undanþágu frá almennri skattlagningu, þ.e. þeim er ekki gert að greiða tekjuskatt. Hér er um að ræða fyrirtæki og stofnanir í eigu ríkis og sveitarfélaga, stjórn-málaflokka, líknarfélög og önnur félög, stofnanir og sjóði sem ekki stunda atvinnu og aðila sem undanþegnir eru almennri skattlagningu samkvæmt sérlögum. Undanþágan nær ekki til skatts af fjármagnstekjum að því marki sem um er að ræða tekjur samkvæmt 3., 4. eða 5. tölulið C-liðar 7. greinar laganna, þ.e. vaxtatekjur eða arð, eða tekjur samkvæmt 8. tölulið að því er varðar söluhagnað af hlutabréfum. Af þessum tekjum ber að greiða 20% tekjuskatt. Með vaxtatekjum er átt við vexti, verðbætur, afföll og gengishagnað. Hvorki er skattlagður annar söluhagnaður en af hlutabréfum né leigutekjum. Skylda til að greiða skatt af greindum fjármagnstekjum nær til allra sem taldir eru í 1., 2., 4., 5., 6. og 7. tölulið 4. greinar laga nr. 90/2003.

Peir aðilar sem skila skattframtali óskattskyldra lögaðila RSK 1.06 rafrænt þurfa **ekki** að skila framtali RSK 1.07.

Hverjir þurfa ekki að skila?

Hafi félag/stofnun ekki aðrar fjármagnstekjur en arð eða staðgreiðsluskyldar vaxtatekjur og hafi staðgreiðsla verið réttilega ákvörðuð og haldið eftir af þeim tekjum, teljast það fullnaðarskil. Þarf þá ekki að skila þessu framtali.

Hverjir þurfa að skila?

Sé um að ræða gengishagnað eða vaxtatekjur af kröfum í eigin innheimtu eða aðrar vaxtatekjur eða arð sem ekki hefur verið skilað staðgreiðslu af, ber að gera grein fyrir þeim á þessu framtali og greiða 20% tekjuskatt af þeim tekjum eftir álagningu. Einnig ef um er að ræða hagnað af sölu hlutabréfa.

Peir aðilar sem skila skattframtali óskattskyldra lögaðila RSK 1.06 rafrænt þurfa ekki að skila framtali RSK 1.07.

Hvenær á að skila?

Framtali vegna fjármagnstekjuskatts skal skila til ríkisskattstjóra eða umboðsmanns hans í síðasta lagi **31. maí**.

Staðgreiðsla

Í fæstum tilfellum þarf að fylla út reitina sem ætlaðir eru fyrir afdregna staðgreiðslu. Hafi staðgreiðsla af fjármagnstekjum verið réttilega ákvörðuð og henni haldið eftir þarf hvorki að tilgreina tekjurnar né staðgreiðsluna.

Hvenær þarf að geta um staðgreiðslu?

- þegar staðgreiðsla hefur ekki verið réttilega ákvörðuð, þá er álagning samkvæmt þessari greinargerð til að leiðrétta það. Tilgreina þarf fjármagnstekjur sem staðgreiðslan var reiknuð af og fjárhæð afdreginnar staðgreiðslu.
- þegar notaður er mótreikningur þarf að tilgreina allar fjármagnstekjur ársins og afdregna staðgreiðslu af þeim. Mótreikningur kemur til lækkunar á fjármagnstekjum og getur því leitt til endurgreiðslu á staðgreiðslu af fjármagnstekjum.
- þegar talinn er fram gengishagnaður (eða gengistap).

Um útfyllingu eyðublaðsins

1 Vaxtatekjur af verðbréfum og kröfum

Í kafla 1 skal færa verðbréf og kröfur, vaxtatekjur af þeim og eign í árslok. Ef um er að ræða vaxtatekjur af verðbréfum sem hafa verið seld eða innleyst á árinu skal einnig gera grein fyrir því á eyðublaðinu Sala/innlausn verðbréfa, **RSK 3.15**, sem þá skal fylgja framtalinu.

2 Gengishagnaður og aðrar vaxtatekjur af kröfum/ inneignum í erlendri mynt

Í kafla 2 skal gera grein fyrir kröfum og inneignum þ.m.t. bankainnstæðum í erlendri mynt, vaxtatekjum af þeim, þ.m.t. gengishagnaði, og eign í árslok. Um ákvörðun gengishagnaðar segir svo í 4. tl. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2003:

Innleystur gengishagnaður af hvers konar innlánsreikningum og kröfum í erlendri mynt á því ári sem innlausn á sér stað skal færður til tekna og miðast við mismun á kaupgengi hlutað-eigandi erlends gjaldeyris frá 1. janúar 2010 eða síðar og á úttektar- eða greiðsludegi. Heimilt er að jafna saman gengishagnaði og gengistapi hvers innlánsreiknings fyrir sig innan ársins.

Gengishagnaður er ekki staðgreiðsluskyldur og því er skattur af honum greiddur eftirá. Gengishagnað skal telja fram ásamt vöxtum og verðbótum ársins. Gengistap á árinu má draga frá vaxtatekjum ársins af sama reikningi eða kröfu. Þegar talinn er fram gengishagnaður (eða gengistap) vegna gjaldeyrisreikninga hjá innlendum lánastofnunum þarf alltaf að tilgreina staðgreiðslu sem haldið hefur verið eftir af vöxtum og verðbótum. Innstæður í erlendum lánastofnunum skal umreikna í íslenskar krónur á kaupgengi í árslok.

3 Hlutabréf, stofnfjárbréf sparisjóða

Hafi réttilega ákvörðuð staðgreiðsla verið dregin af arði þarf ekki að fylla út þennan kafla. Annars skal gera hér grein fyrir hlutabréfaeign í árslok, fengnum arði og jöfnunarhlutabréfum.

4 Hlutabréf í erlendum hlutafélögum

Í kafla 4 skal gera grein fyrir arði af erlendum hlutabréfum. Umreikna skal arðinn og skattgreiðslur í íslenskar krónur miðað við kaupgengi eins og það var þegar arðurinn var greiddur.

5 Söluhagnaður

Séu hlutabréf seld skal gera grein fyrir þeirri sölu á eyðublaðinu **RSK 3.19**, Kaup og sala hlutabréfa. Allur hagnaður af sölu hlutabréfa færast í reit 033 og ber 20% skatt. Rétt er að taka fram að uppgjörð neðst á eyðublaðinu **RSK 3.19** á aðeins við um einstaklinga. Heimilt er að draga tap af sölu eins hlutabréfs frá hagnaði af sölu annars á sama ári og einnig er heimilt að dreifa söluhagnaði samkvæmt ákvæðum 27. gr. laga nr. 90/2003 hafi hluti af söluandvirði verið greiddur með skuldaviðurkenningum.

6 Frádráttur

Tapaðar fjármagnstekjur, sem áður hafa verið skattlagðar, er heimilt að færa sem frádrátt á móti fjármagnstekjum ársins. Þar sem mótreikningur kemur til lækkunar á fjármagnstekjum ársins þarf að telja fram allar fjármagnstekjur ársins þegar mótreikningur er notaður. Þá gilda ekki þær undanþágur sem nefndar eru við liði 1, 2 og 3. Gera skal grein fyrir mótreikningi á eyðublaðinu Mótreikningur, **RSK 3.16**, og láta það fylgja framtalinu. Leiðbeiningar um mótreikning eru á eyðublaðinu. Hægt er að nálgast eyðublaðið hjá ríkisskattstjóra og á **www.rsk.is**